



Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun:

20. ágúst 2018 - 1. júní 2019

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga - Sunnudaga	kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Íbúafundur

Eins og flestum er kunnugt er Míla að leggja **ljósleiðara** á þau heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu sem um það hafa sótt.

Sum heimili eru nú þegar komin á það stig að tengjast og hjá öðrum stýttist í það.

Mánudagskvöldið 10. september klukkan 20:00 í Félagsheimilinu Borg verður opinn fundur í tengslum við ljósleiðaratengingar.

Á fundinn koma fulltrúar frá fyrirtækjum sem bjóða upp á þjónustu fyrir þá sem eru að tengjast ljósleiðaranum.

Fulltrúarnir verða með stutta kynningu á þjónustu sinni og í lokin getur fólk fengið nánari upplýsingar og/eða skráð sig í viðskipti.





FUNDARGERÐ.

437. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 1. ágúst 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. júlí 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. júlí 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) Fundargerð 23. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 25. apríl 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- b) Fundargerð 158. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 14. júní 2018.

Mál nr. 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22 og 26 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 158. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,



Verzlunin BORG

Vetraropnun frá 1. september 2018.

- Virkir dagar: 10 - 20
- Laugardagar: 10 - 20
- Sunnudagar: 11 - 18

Verið velkomin heitt á könnunni

 486-4408



ÁRTANGI

Ferskar kryddjurtir í úrvali

Opið virka daga frá kl. 8 - 16



669-0108
694-8405



Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Pökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

dags. 14. júní 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 16: 1805074 - Borgarbraut 5 (L204149):
Tilkynningarskyld framkvæmd; Íbúðarhús – viðbygging.**

Fyrir liggur tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd, dags. 25. maí 2018 frá löggildum hönnuði Þorsteini Aðalbjörnssyni fyrir 40 m² viðbyggingu á íbúðarhúsi sem er skráð samtals 208,1 m² að stærð, á lóðinni Borgarbraut 5, Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er skráð samkvæmt fasteignarmati 1.880 m² að stærð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggt verði við núverandi íbúðarhús og vísar umsókninni til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Björn Kristinn Pálmarsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 17: 1806007 - Ásborgir í landi Ásgarðs: Breytt notkun lóða: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Grímsborga ehf., dags. 1. júní 2018. Óskað er eftir breytingu á núgildandi deiliskipulagi þar sem landnotkun lóða er breytt úr íbúðahúsalóðum í lóðir fyrir gisti og/eða veitingahús. Svæðið er skv. núgildandi aðalskipulagi skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og svæði fyrir verslun og þjónustu.

Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöður grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum á svæðinu og umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 18: 1806010 - Stofusund 1 L168789: Hraunkot L168252: Stækkun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Eflu verkfræðistofu og Sjómannadagsráðs, dags. 7. júní 2018 þar sem óskað er eftir breytingu á stærð lóðarinnar Stofusund 1 lnr. 168789. Í dag er hún skráð 1,0 ha að stærð en verður 10 ha samkvæmt lóðarblaði. Stækkunin kemur úr jörðinni Hraunkot lnr. 168252.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stækkun lóðar samkvæmt lóðarblaði með fyrirvara um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Mál nr. 19: 1806012 - Jórugil 1 L202407: Sameining lóða, stækkun og breytt afmörkun: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Eflu verkfræðistofu og GT2, dags. 7. júní 2018 þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi fristundabyggðarinnar í Illagili í landi Nesja lnr. 170824. Breytingin felur í sér að Jórugil 1,3 og 5 verður að einni lóð og mun fá heitið Jórugil 1. Auk þess breytist afmörkun lóðarinnar. Stærð lóðarinnar fer úr 22.200 m² í 39.078 m². Lóðum á svæðinu mun því fækka úr 23 í 21 og verða lóðirnar á svæðinu því á bilinu 5000 m² til 39.078 m² að stærð.

Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 20: 1501013 - Ásabraut 1-40 og Lokastígur 1-10: Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóða nr. 1-40 við Ásabraut og Lokastíg 1-10 úr landi Ásgarðs. Tillagan var grenndarkynnt í annað sinn með bréfi, dags. 28. nóvember 2017. Búið er að lagfæra uppdrátt til samræmis við athugasemdir sem bárust og fundar sem haldinn var með stjórn sumarmúsafélags og lóðarhöfum 31. janúar 2018.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita þarf umsagna frá Vegagerð og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Mál nr. 21: 1806018 - Krókur í Grafningi L170822: Rannsóknarhola á Fólaldahálsi: Umsagnarbeiðni.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 18. maí 2018 þar sem óskað er eftir umsögn Grímsnes- og Grafningsshrepps vegna borunar á rannsóknarholu á Fólaldahálsi að Króki í Grafningi. Jafnframt liggur fyrir greinargerð ÍSOR, dags. 4. apríl 2018 þar sem nánar er gerð grein fyrir framkvæmdinni. Í umsögn skal koma fram hvort Grímsnes- og Grafningsshreppur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig er óskað eftir að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.



3. sæti

Skúli Ævarr Steinsson

Rauður frá Eyrarbakka, 7 vetra rauður

Keppti fyrir Hjálmsstaði í Laugardal

4. sæti

Thelma Rún Jóhannsdóttir

Frár frá Stóru Hildisey, 13 vetra brúnn

Keppti fyrir Laugardalshóla í Laugardal

Fyrirtækjum sem veittu styrk í Firmakeppnina er þakkaður stuðningurinn við hestamannafélagið Trausta.

Einnig er Verzluninni Borg þakkaður góður stuðningur en verslunin gaf vörur í verðlaunaafhendingu.



ÞAKKIR

Firmakeppni hestamannafélagsins Trausta fór fram að venju á Laugarvatnsvöllum í blíðskaparveðri þann 18. ágúst sl. Það er ærið tilefni að þakka þeim 57 fyrirtækjum og fjölskyldum sem tóku þátt í þessu ágæta samfélagsverkefni og freistuðu þess að vera dregin út með efstu fimm keppendunum. Firmakeppnin er mikilvæg til að treysta fjárhag félagsins og stjórnin þakkar af alhug rausnarleg framlög og hlýjan hug til félagsins nú sem fyrr.

Með bestu kveðjum,
Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður.



3. sæti

Sunna Ssten

Stefnir frá Minni-Borg, 15 vetra brúnn

Tími 1,18 mín.

Grímur Kristinsson

Glanni frá Laugardalshólum, 20 vetra móalóttur

Tími 1,20 mín.

Ingólfur O. Jónsson

Eldur frá Villingavatni, 20 vetra rauður

Tími 1,32 mín.

Kristinn G. Vilmundarson

Riddari frá Vonarlandi, 10 vetra rauður

Tími 1,33 mín.

Tinna Ingólfssdóttir

Kolfinna frá Villingavatni, 14 vetra svört

Firmakeppni

1. sæti

Bjarni Bjarnason

Fengur frá Þóroddstöðum, 8 vetra jarpur

Keppti fyrir Stangarlæk 1 í Grímsnesi

2. sæti

Vilborg Hrund Jónsdóttir

Kafteinn frá Böðmóðsstöðum, 8 vetra brúnn

Keppti fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp

Samkvæmt aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er áætlaður borstaður nærri svæði á náttúruminjaskrá. Í greinargerð aðalskipulags kemur jafnframt fram að ekki er litið á svæði á náttúrminjaskrá sem verndarsvæði í heild sinni en á þeim svæðum verði farið varlega í framkvæmdir og leitað umsagna Umhverfisstofnunar ef hætta er á röskun náttúruminja við framkvæmdir sbr. 38 gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 (nú 3. mgr. 37 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þó umfang framkvæmdarinnar bendi ekki til þess að hætta sé á umtalsverðum umhverfisáhrifum er holan í námunda við svæði á náttúruminjaskrá og framkvæmdaleyfis skyld skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Í greinargerðinni kemur fram staðsetning og stærð borplans en lýsingu vantar á útfærslu borunar s.s. tækjakosts, skolvatnsöflunar, efnistöku til borplans, efnis til frágangs að framkvæmdum loknum, losun borsvarfs, o.þ.h. Jafnframt er ekki gerð grein fyrir mögulegum áhrifum af raski, vatns- og efnisöflun og -losun, eða hvort núverandi slóð þoli flutninga á tækjum og efni. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi byggt á 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Bent er á að gögn um leyfi til framkvæmda þurfa að uppfylla 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, sem innsend gögn vegna ákvörðunar um matsskyldu gera ekki. Telur nefndin að ekki sé gerð nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun en vísar endanlegri afgreiðslu til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn telur að fyrirliggjandi gögn ISOR skýri nægilega vel áætlaða framkvæmd vegna rannsóknarborholu á Fólaldahálsi. Fyrir liggja skýringar á litlu raski, vatns- og efnisöflun auk efnislosunar. Þá liggur fyrir álit Minjastofnunar þar sem fram kemur að það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Einnig kemur fram hjá Minjastofnun að verði vatnið nýtanlegt þurfi að fá fornleifafræðing til að ganga svæðið/lagnaleiðina með tilliti til hugsanlegra fornleifa.

Einnig liggur fyrir jákvæð umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og umsögn Orkustofnunar.

Sveitarstjórn telur að umrædd framkvæmd sé ekki þess eðlis að hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt telur sveitarstjórn að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn mælir með að gefið verði út framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Mál nr. 22: 1806019 - Nesjavellir 1-13: Deiliskipulag: Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur til kynningar stjórnslukæra, dags. 25. maí 2018 þar sem kærandur krefjast þess að ógilt verði ákvörðun Grimsnes- og Grafningsshrepps frá 04. apríl 2018, sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. apríl 2018 um breytingu á deiliskipulagi fristundalóða við Þingvallavatn, Nesjavellir 1-13.

Sveitarstjórn felur lögfræðingi sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. og skipulagsfulltrúa að svara nefndinni og senda inn gögn sem málið varðar.

Mál nr. 26: 1805006F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 80.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. maí 2018.

c) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 10. júlí 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 13. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 16. júlí 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 22. ágúst 2018 kl. 9:00.

4. Grafningsvegur efri, framkvæmdaleyfi.

Grafningsvegur efri (nr.360-02): Endurbygging og lagning slitlags milli Nesjavalla og Hagavíkur: Framkvæmdaleyfi

Á fundi skipulagsnefndar þann 24. maí 2018 var umsókn Vegagerðarinnar tekin fyrir þar sem óskað var eftir



Hrannar Snær Jónsson
Kjarnar frá Böðmóðsstöðum, 18 vetra bleikur
Tími 1,02 mín.

Hrafnhildur Sigurðardóttir
Hylling frá Hömrum, 24 vetra jarpur
Tími 1,02 mín.

Stefanía Maren Jóhannsdóttir.
Forrest frá Laugardalshólum, 18 vetra jarpur
Tími 1,06 mín.

Aldís Elfa Fransdóttir
Kólga frá Höfðabrekku, 20 vetra jörp stjörnött
Tími 1,15 mín.

Lovísa Ýr Jóhannsdóttir
Freisting frá Skíðbakka III, 20 vetra jörp
Tími 1,32 mín.

Hrói Freyju og Bjarnason
Spöng frá Laugarvatni, 20 vetra grá
Tími 1.38 mín

Smali eldri flokkur

1. sæti
Bjarni Bjarnason
Dís frá Þóroddstöðum, 13 vetra rauð
Tími 1,07 mín.

2. sæti
Auður Gunnarsdóttir
Gjafar frá Hömrum, 20 vetra jarpur
Tími 1,16 mín.



Smali yngri flokkur

1. sæti

Ásta Rós Rúnarsdóttir.

Kjarkur frá Reykjavík, 19 vetra rauður

Tími 47,1 sek.

2. sæti

Vala Benediktsdóttir

Trausti frá Miðengi, 16 vetra brúnn

Tími 47,2 sek.

3. sæti

Júlía Björg Knudsen

Sunna frá Austurey, 10 vetra rauðblesótt

Tími 49,0 sek.

Katla Rún Jónsdóttir

Gjafar frá Ormsstöðum, 16 vetra grár

Tími 55,0 sek.

Gunnar Birkir Sigurðsson

Gjafar frá Hömrum, 20 vetra jarpur

Tími 55,0 sek.

Thelma Rún Jóhannsdóttir

Frár frá Stóru Hildisey, 13 vetra brúnn

Tími 57,0 sek.

Viðar Gauti Jónsson

Fengur frá Ormsstöðum, 16 vetra rauðblesóttur

Tími 59,0 sek.

framkvæmdarleyfi vegna endurbóta á Grafningsvegi. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps staðfesti eftirfarandi bókun sama dag.

„Mál nr. 28: Grafningsvegur efri (nr.360-02): Endurbygging og lagning slitlags milli Nesjavalla og Hagavíkur: Framkvæmdaleyfi - 1805053.

Lögð er fram umsókn Vegagerðarinnar, dags. 11. maí 2018 ásamt greinargerð dags. 7. maí 2018 þar sem óskað er eftir framkvæmdarleyfi við endurbyggingu og lagningu bundins slitlags á Grafningsvegi efri (nr. 360-02) frá Nesjavöllum og rétt lengra en Hagavík. Fram kemur í umsókn að áformað er að hefja framkvæmdir með vorinu og að þeim ljúki haustið 2018. Fyrirhuguð efnistaka verður við Stangarhýl en ekki liggur fyrir framkvæmdaleyfi. Málinu var frestað 22. febrúar 2018. Þar sem fyrirhuguð efnistaka úr þessari námu er orðin meiri en 50.000 m² þarf að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.“ Skipulagsstofnun hefur verið send tilkynning af Veggerðinni um endurbætur á ofangreindum vegakafla með vísan í 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Þá hefur oddviti sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps sent á skipulagsstofnun bréf, dags. 30. maí 2018 og vísar þar til 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn hefur samþykkt á fundi sínum 24. maí 2018 að veita framkvæmdaleyfi fyrir endurbyggingu vegar og bundins slitlags á veginn milli Nesjavalla og Hagavíkur.

Skipulagsstofnun hefur með bréfi, dags 28. júní 2018 lagt mat á það hvort umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki og er niðurstaða Skipulagsstofnunar eftirfarandi:

„Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. ágúst 2018.

Þar sem ofangreint álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir er það mat sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps að gefa skuli út framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdarinnar. Skipulagsfulltrúa, Rúnari Guðmundssyni er falið að gefa út framkvæmdaleyfi til samræmis við umfang verks.

5. Bréf frá Forsætisráðuneyti þar sem boðað er til fundar um málefni þjóðlendna á Gömlu Borg þann 27. ágúst n.k.

Fyrir liggur bréf frá Reginu Sigurðardóttur f.h. Forsætisráðuneytisins, dagsett 10. júlí 2018 þar sem kynntur er fundur Forsætisráðuneytisins um málefni þjóðlendna. Fundurinn verður haldinn þann 27. ágúst 2018 á Gömlu Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur vegna álagningar fasteignagjalda fyrir Skyggnisbraut 2a og 2b.

Fyrir liggur bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur, dagsett 6. júlí 2018 þar sem gerðar eru athugasemdir við álagningu fasteignagjalda að Skyggnisbraut 2a og 2b. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.

7. Tölvupóstur frá Saman-hópnum þar sem kynnt er forvarnarstarf og verkefni hópsins.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Saman-hópnum, dags. 13. júlí 2018 þar sem kynnt er forvarnarstarf og verkefni hópsins. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

8. Tölvupóstur frá Þóri Stephensen þar sem sveitarfélaginu er boðin þátttaka í að skrá nafn sitt á minningarsíðu bókarinnar „Stefán sterki“.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Þóri Stephensen, dags. 13. júlí 2018 þar sem ítrekað er að sveitarfélaginu hafi verið boðin þátttaka í að skrá nafn sitt á minningarsíðu bókar Þóris um Stefán sterka Stephensen. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kaupa eitt eintak af bókinni.



3. sæti

Aldís Elfa Fransdóttir

Kólga frá Höfðabrekku 20 vetra jörp stjörnótt

4. sæti

Stefanía Maren Jóhannsdóttir.

Forrest frá Laugardalshólum, 18 vetra jarpur

5. sæti

Ásta Rós Rúnarsdóttir

Kjarkur frá Reykjavík, 19 vetra rauður

Ásdís Rós Grímsdóttir

Ferrari frá Hofsósi, 14 vetra jarpskjóttur

Viðar Gauti Jónsson.

Fengur frá Ormsstöðum, 16 vetra rauðblesóttur

Katla Rún Jónsdóttir.

Gjafar frá Ormsstöðum, 16 vetra grár

Unglingaflokkur

1. sæti

Thelma Rún Jóhannsdóttir

Frár frá Stóru Hildisey, 13 vetra brúnn

2. sæti

Júlía Gunnarsdóttir

Vörður frá Eskiholti, 10 vetra rauðstjörnóttur



Vallamót 2018

Hið árlega Vallamót hestamannafélagsins Trausta fór fram 18. ágúst á Laugarvatnsvöllum. Mótið tókst vel að vanda og myndaðist góð stemming á staðnum í blíðskaparveðri. Úrslit voru eftirfarandi:

Pollaflokkur (ekki raðað í sæti)

Lovísa Ýr Jóhannsdóttir

Freisting frá Skíðbakka III, 20 vetra jörp

Hrannar Snær Jónsson

Kjarnar frá Böðmóðsstöðum, 18 vetra bleikur

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Hylling frá Hömrum, 24 vetra jörp

Hrói Freyju og Bjarnason

Spöng frá Laugarvatni, 20 vetra grá

Hallfríður Arnarsdóttir

Pálmi frá Bala, 9 vetra málóttur

Andri Eldon Hreinsson

Forrest frá Laugardalshólum, 18 vetra jarpur

Barnaflokkur

1. sæti

Vala Benediktsdóttir

Stássa frá Miðengi, 9 vetra brún

2. sæti

Gunnar Birkir Sigurðsson

Finnur frá Hömrum, 20 vetra brúnn

9. Tölvupóstur frá Sigurjóni Njarðarsyni, sérfræðingi Matvælastofnunar þar sem vakin er athygli á grein Sigurjóns í Bændablaðinu, dags. 19. júlí 2018 um lausgöngu búfjár og fjallskil.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurjóni Njarðarsyni sérfræðingi Matvælastofnunar, dags. 24. júlí 2018 þar sem vakin er athygli á grein hans í Bændablaðinu, dags. 19. júlí 2018 um lausgöngu búfjár og fjallskil. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

10. Bréf frá Orkustofnun þar sem vakin er athygli á drögum að borholureglum til umsagnar á heimasíðu Orkustofnunar.

Fyrir liggur bréf frá Jónasi Ketilssyni f.h. Orkustofnunar, dagsett 5. júlí 2018 þar sem vakin er athygli á drögum að borholureglum til umsagnar á heimasíðu Orkustofnunar. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Stapa 10, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Stapa 10, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

12. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Selmýrarvegi 9, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 13. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Selmýrarvegi 9, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

13. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Freyjustíg 14, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. júlí

2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Freyjustíg 14, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

14. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Ljósafoss Hostel, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 17. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Ljósafoss Hostel, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

15. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III í Ljósafoss Hostel, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 17. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III í Ljósafoss Hostel, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

16. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III að Seli, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 18. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III að Seli, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.

17. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Minni-Borgum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 24. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Minni-Borgum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.



Ertu með frábæra HUGMYND?

Að menningarviðburði?

Nýrri vöru, þjónustu eða markaðssókn hjá starfandi fyrirtæki?

Eða kannski glænýrri viðskiptahugmynd?

Uppbyggingarsjóður Suðurlands hefur opnað fyrir umsóknir og umsóknarfrestur er til 16:00 þann 9. október 2018.

Ekki hika við að hafa samband við ráðgjafa á SASS ef þú hefur einhverjar spurningar í síma 480-8200 eða með tölvupósti á: sass@sass.is.

PLASTLAUS SEPTEMBER

Hvað getum við gert?



Aðpakkað rör, plastlok og einnota plastglös.



Komið með margnota mál og eigin ílát til áfyllingar. Æ fleiri staðir bjóða upp á það.



Skilað öllu plasti í endurvinnslu í stað þess að henda því í almennt rusl.



Notað margnota poka, pappakassa, bakpoka eða önnur margnota ílát í stað plastpoka.

Fleiri lausnir á plastlausseptember.is

Fjallferðir og réttir 2018

Grímsnes

Farið verður á fjall í **Grímsnesi**
föstudaginn 7. september

Réttað verður í **Kringlumýri** þriðjudaginn
11. september kl. 10:00

Grafningur

Farið verður á fjall í **Grafningi**
föstudaginn 14. september

Grafningsréttir verða
mánudaginn 17. september kl. 9:45

Veðurspá/veður getur haft áhrif á
allar dagsetningarnar



18. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Minni-Borgum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 24. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Minni-Borgum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu.

✓ Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 266. stjórnarfundar 26.06 2018.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð aukaaðalfundar 27.06 2018.
- ✓ SASS. Fundargerð 534. stjórnarfundar 26.06 2018.
- ✓ Skógræktin, ársrit 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:10



Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps
er opin alla virka daga frá 9:00 – 15:00
Sími 480-5500

Viðtalstími hjá oddvita og/eða sveitarstjóra
er eftir samkomulagi.

gogg@gogg.is
oddviti@gogg.is



FUNDARGERÐ.

438. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 22. ágúst 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Karl Þorkelsson í fjarveru Smára Bergmanns Kolbeinssonar

Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. ágúst 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. ágúst 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 160. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. ágúst 2018.

Mál nr. 22, 23, 24, 25, 26, 27, 32 og 33 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 160. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. ágúst 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 22: 1807009 - Nesjar L170891:
Hestvíkurvegur 2: Breytt stærð og heiti lóðar.**


Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 4. júlí 2018

Saumaðkompan

*Fataviðgerðir,
gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Sími 899-2910 
Ágúst/sept 2018
www.pizzavagninn.is Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
23. ágúst	24. ágúst Brautarholt 18:00-20:30	25. ágúst Reykholt 18-21
30. ágúst Laugarvatn 18:00-20:30	31. ágúst Flúðir 18-21	1. sept Lokað í dag
6. sept	7. sept Árnes 18:00-20:30	8. sept Reykholt 18-21
13. sept Laugarvatn 18:00-20:30	14. sept Lokað vegna réttardags	15. sept Borg 18:00-20:30

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Freyjustíg 14, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem fristundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

8. Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Guðrínu Á. Sturlaugsdóttur, dags. 13. ágúst 2018 þar sem óskað er eftir athugasemdum sveitarstjórnar við skýrslu áhersluverkefnisins „Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi“. Jafnframt er skýrslan lögð fram. Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við skýrsluna og þakkar fyrir vel unna og upplýsandi skýrslu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:10

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

um staðfestingu á afmörkun, stærð og heiti fristundahúsaloðarinnar Nesjar L170891 úr landi Nesja L170824. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er lóðin 5.000 m² að stærð og gert ráð fyrir að hún fái heitið Hestvíkurvegur 2. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar L170912 og þegar liggja fyrir áður samþykkt hnitsett lóðablöð fyrir Hestvíkurveg 4 og Jónslaut 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun og stærð lóðar auk heitis. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

**Mál nr. 23: 1806046 - Réttarhólsbraut 12 (L169940):
Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús – viðbygging.**

Fyrir liggur tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd, dags. 8. júní 2018, móttækin 12. júní 2018 frá löggildum hönnuði Þorsteini Aðalbjörnssyni fyrir niðurrifi á sólstofu og byggja setustofu í staðinn við sumarhús á Réttarhólsbraut 12 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð eftir breytingar er 110,2 m²

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við viðbygginguna með fyrirvara um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

**Mál nr. 24: 1808004 - Aspavík 10 L201290: Bygging
bílskylis: Fyrirspurn.**

Lögð fram fyrirspurn Ásbjörns Baldurssonar um hvort leyfi fáiist fyrir byggingu allt að 40 m² bílskylis (opið skýli). Skilmálar gildandi deiliskipulags gera ráð fyrir allt að 150 m² aðalhúsum og allt að 25 m² aukahúsi, en þó aldrei meira byggingarmagn en 0,03 á hverri lóð. Flestar lóðirnar eru um 5000 m² að stærð.

Erindinu er synjað þar sem það er ekki í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags.

**Mál nr. 25: 1808012 - Snæfoksstaðir lóð 100 L169639:
Breyttur byggingarreitur: Deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur beiðni frá Einari Val Oddssyni og Steinunni Jónsdóttur þar sem óskað er eftir breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarhúsaloðar Snæfoksstaðir 100. Óskað er eftir að byggingarreitur að austanverðu færist og verði 5 m frá lóðarmörkum í stað 10 m. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar nr. 99.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytinguna og telur hana vera óverulega og skal breytingin auglýst skv. 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 26: 1806007 - Ásborgir í landi Ásgarðs:
Breytt notkun lóða: Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð fram að nýju, eftir grenndarkynningu, umsókn Grímsborga ehf., dags. 1. júní 2018. Óskað var eftir breytingu á núgildandi deiliskipulagi þar sem landnotkun lóða er breytt úr íbúðahúsalóðum í lóðir fyrir gisti- og/eða veitingahús. Svæðið er skv. núgildandi aðalskipulagi skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og svæði fyrir verslun og þjónustu. Borist hefur athugasemd við grenndarkynninguna þar sem því er andmælt að fleiri gistihús verði byggð á svæðinu. Ekki liggur fyrir umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingu á gildandi deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs. Skipulagsfulltrúa er falið að svara athugasemd sem barst og óska eftir umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 27: 1807031 - Lyngdalur (Björk I) L168232:
Vegur í gegnum jörðina Björk I L211337: Framkvæmdaleyfi.**

Fyrir liggur umsókn Magnúsar I. Jónssonar, dags. 12. júlí 2018 um framkvæmdaleyfi vegna veglagningar að landinu Lyngdalur L168232. Vegurinn liggur í gegnum jörðina Björk I og er kveðið á um aðrar aðkomur að Lyngdal í landsskiptagerð um Björk I og II frá árinu 2005 og 2007.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins vegna ófullnægjandi upplýsinga um fyrirhugaðar framkvæmdir á vatnsverndarsvæði.

Mál nr. 32: 1806004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 82.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. júní 2018.

Mál nr. 33: 1807001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 83.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júlí 2018.

b) Fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 10. ágúst 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Námsgögn fyrir grunnskólanemendur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að námsgögn fyrir grunnskólanemendur verði án endurgjalds.

4. Bréf frá Gunnari Á. Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Túns þar sem auglýstur er aðalfundur félagsins.

Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf. sem haldinn verður í dag, 22. ágúst í Reykjavík. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Stapa 10, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Stapa 10, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Selmýrarvegi 9, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 13. júlí 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Selmýrarvegi 9, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Freyjustíg 14, Grímsnes- og Grafningshreppi.